

## Fundargerð háskólaráðs

289. fundur daginn 2. mars 2010  
fundaherbergi 262, Borgum

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 14.15.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda  
Andrea S. Hjálmsdóttir varafulltrúi menntamálaráðherra  
Elísabet Hjörleifsdóttir varafulltrúi starfsmanna

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöumaður

---

Rektor kynnti dagskrá.

1. **Fundargerð 288. fundar**

0912029

Fundargerðin var borin upp og samþykkt.

2. **Endurskoðaðar reglur um stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs HA**

1002043

Rektor gerði grein fyrir helstu breytingum frá gildandi reglum um stjórn-  
skipulagið en þær varða einkum heiti og hlutverk skólaþróunarviðs. Það nefnist  
nú miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.  
Háskólaráð samþykkti endurskoðað stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs.

3. **Námsframboð 2010-2011**

Rektor greindi frá því að á næstu tveim mánuðum mun liggja fyrir hvert framlag  
ríkisjóðs til háskólans árið 2011 verður.

Innan háskólans er unnið að því að finna leiðir til hagræðingar og sparnaðar.  
Nefnd til að gera tillögur um aukið samstarf milli HA og HÍ um námsframboð í  
viðskiptafræði hefur tekið til starfa og sambærileg nefnd um lögfræði mun taka til  
starfa.

Rætt var um gildi fjölmennra og fámennra námsleiða fyrir háskólann,  
byggðarlagið og landsbyggðina alla. Einnig var rætt um gildi rannsókna fyrir  
háskólann. Fram kom að mikilvægt er fyrir kennara að eiga þess kost að sinna  
rannsóknum sem aðalstarfi tímabundið. Þá kom fram sú skoðun að æskilegt væri  
að auka og draga úr rannsóknaskyldu kennara einstaklingsbundið eftir áhuga og  
styrk hvers og eins.

Háskólaráð samþykkti að skipa þróunarnefnd til að móta framtíðarsýn fyrir HA  
til lengri tíma litið. Ákveðið var að fyrir næsta fund lægi fyrir forsögn að því  
hvernig slík nefnd skuli skipuð og skilgreining á hlutverki hennar.  
Fundir var slitið formlega kl. 15.40 og eftir það fór háskólaráð og skoðaði  
nýbyggingu HA undirleiðsögn Ólafs Búa.

gth  
Stefán B. Sigurðsson  
SBS